



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 2. júlí 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Guðlaug Grétarsdóttir og Magnús B. Jónsson. Hildur Ingólfssdóttir, skólastjóri sat fundinn undir dagskrárlið 1.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Grunnskóli:

#### a. Starfsmannahald skólaárið 2014-2015

Hildur gerði grein fyrir starfsmannahaldi skólans á komandi skólaári. Fram kom að ráðið hefur verið í kennarastöður við skólann svo og aðstoðarskólastjóri.

#### b. Erindi um stuðningsfulltrúa

Fyrir voru tekin þau þrjú bréf skólastjóra dags. 11. júní 2014 sem áður voru til umfjöllunar á sveitarstjórnarfundi 24. júní sl. Með bréfunum óskar skólasstjóri heimildar til að ráða stuðningsfulltrúa vegna þriggja mála sem tilgreind eru. Samtals er óskað heimildar til að ráða stuðningsfulltrúa í 1,35 stöðugildi. Skólastjóri skýrði nánar forsendur að baki beiðni um aukin stöðugildi stuðningsfulltrúa. Sveitarstjórn ræddi erindin en samþykkti þau síðan samhljóða.

### 2. Hjallastefna

Fyrir fundinum lágu drög að samkomulagi milli sveitarfélagsins og Hjallastefnunar þar sem gerður er samningur um samstarf um faglega ráðgjöf Hjallastefnunnar við að breyta leikskólanum Barnabóli í Hjallastefnuskóla. Í samningnum er gert ráð fyrir að rekstur leikskólans verði áfram á höndum sveitarfélagsins en sett markmið um að Hjallastefnan taki við rekstri leikskólans um áramót 2014-15 en ekki síðar en 1. ágúst 2015.

Sveitarstjóri og oddviti gerði grein fyrir fundi sem hann ásamt sveitarstjóra hafi átt með forsvarsmönnum Hjallastefnunnar sl. mánudag. Niðurstaða þess fundar hafi verið að leggja framangreindan samning fyrir sveitarstjórn en með honum gefist lengri aðlögunartími að breytingu leikskólans yfir í Hjallastefnuskóla en áður samþykkt viljayfirlýsing hafði gert ráð fyrir.

Sveitarstjórn ræddi samninginn og urðu miklar umræður um leikskóla og leikskólastarf almennt. Fram kom að Hjallastefnan og sveitarfélagið muni auglýsa sameiginlega eftir leikskólastjóra sem m.a. væri tilbúinn að innleiða Hjallastefnu í leikskólanum. Drög að þeirri auglýsingu lá einnig fyrir fundinum.



Samningurinn var borinn upp og samþykktur samhljóða.  
Sveitarstjóra var falið að kynna niðurstöðuna fyrir starfsmönnum og fræðslunefnd og óska eftir að leikskólinn upplýsi foreldrasamfélagið um málið.

### 3. Önnur mál

Ekki voru gerðar bókanir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 9.10

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Guðlaug Grétarsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson